

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/238**2016/EES/27/40****frá 19. febrúar 2016**

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2014 ⁽²⁾ er kveðið á um undanþágu frá 4. lið IV. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu („olíur eða fita“), sem eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til manneldis, með hafskipum við sérstök skilyrði.
- 2) Þessi skilyrði tengjast búnaði og starfsvenjum við flutning sem og viðmiðunum að því er varðar efni sem eru ætluð til flutnings með hafskipi sem fyrri farmur. Efni sem uppfylla þessi skilyrði eru skráð í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 (skrá yfir tækan fyrri farm).
- 3) Í skránni yfir tækan fyrri farm skýrir sameinaða færslan fyrir „ammóníumnítratlausn og kalsíumnítratlausn (CN-9) og tvísalt hennar“ farminn ekki á viðeigandi hátt og veldur það ruglingi hjá leigutökum skipa. Því ætti að breyta skránni yfir tækan fyrri farm til að endurspeglar önnur form sem kalsíumnítrat inniheldur, s. s. kalsíumammóníumnítrat, vatnssneytt kalsíum(II)nítrat og kalsíumnítrattetrahydrat. Öll þessi form hafa sömu hættulegu eiginleikana og eru eingöngu ólík að því er varðar magn kristallaðs vatns sem sameindirnar innihalda.
- 4) Sérfræðinganefndin um aðskotaefni í matvælaferlinu hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu staðfesti á 68. allsherjarfundi sínum ⁽³⁾ að munurinn milli þessara mismunandi forma kalsíumnítratlausna liggja eingöngu í vötnunartölu og komst að þeirri niðurstöðu að tilvist þeirra hafi engin áhrif á eitrefnafræðilega eiginleika og efnafræðilega hvarfgirni í samanburði við efnin sem voru upphaflega skráð í sameinuðu færslunni.
- 5) Því er rétt að breyta skránni yfir tækan fyrri farm í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 45, 20.2.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2014 frá 28. maí 2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó (Stjtið. ESB L 160, 29.5.2014, bls. 14).

⁽³⁾ Fundargerð 68. allsherjarfundar sérfræðinganefndar um aðskotaefni í matvælaferlinu (EFSA/CONTAM/2330), aðgengileg á <http://www.efsa.europa.eu/en/events/event/141125b-m.pdf>

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað sameinuðu færslunnar fyrir „ammóníumnítratlausn og kalsíumnítratlausn (CN-9) og tvísalt hennar“ í 12. línu komi eftirfarandi aðgreindar færslur:

„Ammóníumnítratlausn	6484-52-2
Kalsíumammóníumnítrat	15245-12-2 ⁴

- 2) Eftirfarandi færslur bætist við fyrir neðan 13. línu (færsluna fyrir „kalsíumklóríðlausn“):

„Kalsíumnítrat	10124-37-5
Vatnssneytt kalsíum(II)nítrat	35054-52-5
Kalsíumnítrattetrahydrat	13477-34-4 ⁴